

Evrópsk umhverfismál — ástand og horfur 2005

Samantekt skýrslu

Evrópskar umbætur, staðbundnir valkostir, áhrif á heimsvísu

Umhverfismál eru Evrópubúum mikilvæg — Skoðanakannanir sýna að mikill meirihluti (yfir 70 %) vill að þeir sem taka ákvarðanir leggi jafn mikla áherslu á stefnumörkun í umhverfis-, efnahags- og félagsmálum. Sem einstaklingar eru Evrópubúar tilbúnir til að leggja sitt af mörkum hvað varðar umhverfismál, en myndu gera meira ef þeir væru upplýstir um umhverfisvæna valkosti sem kosta lítið eða ekkert. Þeir myndu einnig gera meira ef þeir væru vissir um að samborgarar þeirra myndu gera slíkt hið sama.

Mikið hefur verið gert á síðustu þriðjónni árum til að bæta ástand umhverfismála í Evrópu. Flestar tegundir eldsneytis eru blýlausar. Jafnt og þétt hefur verið dregið úr notkun ósneyðandi klórflúrkolefna. Köfnunarefnisoxíð í útblæstri bifreiða hefur verið minnkað um u.þ.b. 90 % með tilkomu hvarfakúta. Losun brennisteinstvísyrings við raforkuframleiðslu hefur líka minnkað mikið, aðallega vegna tilkomu 'flu gas desulphurisation' tækni.

Í evrópskum ám, stöðuvötnum og árósum er minni mengun vegna aukinnar meðhöndlunar á fráveituvatni í þéttbýli. Í löndum Evrópusambandsins er um 18 % af öllu landssvæði skilgreint sem náttúruverndarsvæði. Það hjálpar til við að viðhalda vistkerfum og líffræðilegum fjölbreytileika. Skógar eru að stækka lítilliga og á sumum svæðum stækka þeir hraðar en áður. Þessar framfarir ásamt mörgum öðrum auka lífsgæði og heilsu fólks.

Mikilvæg verkefni bíða þó lausnar. Fyrst má nefna loftlagsbreytingar sem hafa haft þau áhrif að miklar veðrabreytingar eru nú algengari en áður, staðbundinn vatnsskortur hefur aukist ásamt bráðnun jökla. Önnur forgangsatridi eru loftmengun og reglur varðandi meðhöndlun kemískra efna til að minnka áhrif þeirra á heilsu og umhverfi; verndun lands sem auðlind afurða og uppspretta líffræðilegs fjölbreytileika; bæta gæði og auka magn ferskvatns; og tryggja heilbrigði hafsvæða. Hafsvæði eru mikilvæg vistkerfi og uppspretta auðlinda sem við treystum á.

Lausn sumra þessara verkefna felst í notkun endurnýjanlegra orkulinda, svo sem vind og sólarorku sem kæmi að hluta í stað óendurnýjanlegra auðlinda sem iðnaðarríki og þróunarlönd keppast um að ofnýta.

Mörg núverandi vandamál í umhverfismálum eru tilkomin vegna landnýtingarstefnu, stjórn efnahagsmála og lífnaðarháttanna í Evrópu. Þessum þáttum er erfitt að breyta. Það hefur þó orðið breyting á áherslum í umhverfismálum og þær færst frá framleiðslu til neyslu. Aukin meðvitund um umhverfis- og heilsufarsleg áhrif hafa jákvæð áhrif á daglegt val okkar við innkaup, hvar við búum og vinnum og hvert við ferðumst.

Útgjöld heimilanna jukust um þriðjung í EU-15 löndunum á árunum 1990–2002. Því er spáð að þau eigi eftir að tvöfaldast í EU-25 löndunum fyrir 2030 og mikill munur verði á milli efnahagshópa og svæða. Í sífellt alþjóðlegum hagkerfi hefur val neytenda sífellt meiri áhrif á umhverfismál, ekki bara í Evrópu heldur í mörgum öðrum heimshlutum. Frekari rannsókna er þörf ef við eigum að skilja hugsanlegar afleiðingar þessarar þróunar og geta snúið við þeirri neikvæðu stefnu sem við höfum tekið.

Í EU-25 reiknast um fimm 'alþjóðlegir hektarar' á hverja manneskju, en það er það landssvæði sem þarf til að framleiða þær neysluvörur sem við þurfum og til að taka á móti úrgangi okkar. Það er um helmingur sambærilegs svæðis í Bandaríkjunum en þó stærra en í Japan. Það er einnig meira en helmingi stærra en meðaltalið í löndum eins og Brasilíu, Kína og Indlandi. Nú þegar er heildarnýting náttúruauðlinda heimsins 20 % meiri en endurnýting ár hvert. Þetta hefur verið kallað að lifa á höfuðstólnum í staðinn fyrir vöxtunum.

Stækkun þéttbýlis á kostnað dreifbýlis

Næstum þrjú af hverjum fjórum Evrópubúum búa í þéttbýli sem er um 10 % af heildar landssvæði Evrópusambandsins. Þetta virðist vera í lagi en þaulnýtni og togstreita á milli mismunandi landnýtingar geta haft áhrif á mikilvæg landssvæði í



Evrópu fjarri þeim stað sem upphafleg landnýting á sér stað.

Nýleg könnun sýnir að þéttbýlissvæði Evrópu stækkaði um 6 % á árunum 1990–2000, þegar meira en 800 000 hektarar gjöfals lands voru lagðir undir heimili, skrifstofur, verslanir, verksmiðjur og vegi. Þetta jafngildir landssvæði sem er þrisvar sinnum stærra en Lúxemborg og minnkuðu því náttúruauðlindum sem því nemur. Lágð verð á góðu landi á landbúnaðarsvæði samanborið við land í þéttbýli er mikilvægur þáttur í stækkun þéttbýlis.

Ferðþjónusta eykst einnig, að hluta til vegna ódýrra flugfargjalda og vegna þess að Evrópubúar verða sífellt eldri og auðugri. Ferðþjónusta veldur einnig óskipulögðum vexti þéttbýlis, einkum á strandsvæðum, t.d. við Miðjarðarhafið. Illa skipulögð ferðþjónusta getur einnig aukið álag á svæði þar sem nú þegar er vatnsskortur.

Um leið og þéttbýli stækkar eykst nýting þess á nálægu landi og vatni. Þessi vöxtur hefur áhrif á lykil 'þjónustu' sem við lítum svo á að náttúran veiti okkur endurgjaldslaust, náttúrulega síun grunnvatns í veitur fyrir drykkjarvatn, varðveislu votlendis og erfðabreytileika landbúnaðarsvæða. Eyðing skóglendis getur breytt frárennsli regnvatns, valdið aurskriðum og aukið flatarmál svæða sem eru í flóðahættu.

Loftslagsbreytingar eru staðreynd

Loftslagsbreytingar eru hafnar. Meðal lofthiti í Evrópu hefur hækkað um 0,95 °C á síðustu 100 árum og búist er við að hann hækki um 2–6 °C á komandi öld. Sumsstaðar er líklegt að landbúnaður njóti góðs af lengra ræktunartímabili en annars staðar mun mikill vatnsskortur ásamt versnandi og ófyrirsjáanlegra verðurfars hafa slæm áhrif á landbúnað.

Hækkandi hitastig sjávar hefur í för með sér aukna hættu á óeðlilegum þörungavexti og eitruðu plöntusvifi sem er hættulegt sjávarlífi og mönnum. Dýrasvif sem eru neðst í fæðukeðjunni og fiskarnir

sem nærast á þeim hafa tilhneigingu til að færa sig eftir breyttu hitastigi. Sumar tegundir hafa nú þegar fært sig um þúsund kílómetra norður á bóginn. Landdýr og plöntur eru líka að færa sig um set. Því miður er það ekki valkostur fyrir allar tegundir. Dýr og plöntur sem búa hvað hæst í Ölpunum eru að verða uppiskroppa með valmöguleika.

Til að stemma stigu við þessari þróun hafa ráðherrar Evrópusambandsins samþykkt það markmið að takmarka meðal hitaaukningu í heiminum við 2 °C yfir því sem var fyrir iðnbyltingu. Þeir hafa einnig gefið til kynna að til að ná þessu markmiði gæti þurft að ná magni koltvísýrings í andrúmsloftinu niður fyrir 550 milljónahluta (ppm) sem kallar á skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda iðnríkja um 60–80 % fyrir árið 2050 miðað við sambærilegar tölur frá 1990. Til styttri tíma litið er Evrópusambandið vel á veg komið með að uppfylla markmið Kyoto samningsins varðandi áætlanir um losun gróðurhúsalofttegunda og varðandi viðbrögð vegna loftlagsbreytinga. Erfiðara getur reynst að ná takmarkinu fyrir 2020 sem er 15–30 % skerðing á losun gróðurhúsalofttegunda samanborið við árið 1990.

Kannanir EEA sýna að lykillinn að hagkvæmri minnkun losunar felst aðallega í þremur ráðstöfunum: að minnka orkunotkun, auka hlut endurnýjanlegrar orku og bæta orkunýtni við orkuframleiðslu og nýtingu, einkum með frekari ráðstöfunum til orkusparnaðar. Notkun á endurnýjanlegri orku við framleiðslu eykst stöðugt á meðan aukin notkun á kjarnorku er mjög umdeildur kostur í flestum löndum.

Hæg framför í eftirliti með orkuþörf

Frá árinu 2000 hefur aukin orkunotkun einstaklinga og innan þjónustugeirans vegið upp á móti umbótum í orkusparnaði í iðnaði. Fleiri raftæki eru notuð á sífellt fleiri heimilum. Kannanir sýna að raftæki sem eru skilin eftir í biðstöðu nota um 3–13 % af rafmagni á heimilum.

Áætlað er að eftirspurn eftir orku í Evrópu muni aukast um 20 % fyrir árið 2030. Þetta er mun

hægari aukning en talið var miðað við verga landsframleiðslu, en samt sem áður neikvæð þróun í ljósi aðgerða gegn loftslagsbreytingum. Kostnaðarhagkvæmar ráðstafanir til að bæta orkunýtingu eru enn vannýttar. Skilvirkari varma- og raforkuver gætu bætt nýtingu orkugjafa. Á meðan ekki er til önnur leið væri hægt að safna kolefni og geyma það. Með markaðstjórn og reglugerðum má hafa áhrif á byggingu húsnæðis og framleiðslu faratækja og neysluvöru þannig að orkuþörf sé haldið í lágmarki.

Í náinni framtíð gæti fjárfesting í endurnýjanlegri orku, orkunýtni og vetni sem orkumiðil minnkað þörfina á jarðefnaeldsneyti í Evrópu. Það myndi einkum nýtast flutningsgeiranum sem er einn helsti áhrifavaldur hvað varðar aukna orkuþörf og losun koltvísýrings í Evrópu. Því miður er búist við að flutningsþörf muni aukast enn frekar á næstu áratugum. Flugumferð er talin eiga eftir að tvöfalda sinn hlut í heildarflutningum á árunum 2000 til 2030.

Evrópusambandið hefur sýnt staðfasta forystu með því að setja háleit takmörk og markmið í skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda. Það hefur einnig náðst samstaða um að of áhættusamt sé að aðhafast ekki neitt. Eins og kannanir EEA sýna mun skiptingin yfir í umhverfisvænni orkugjafa hækka orkuverð til neytenda. En aðgerðarleysi hefur einnig kostnað í för með sér líkt og margar kannanir eru farnar að sýna. Ein gefur til kynna að 'félagslegur kostnaður kolefna', þ.e. kostnaður við hvert tonn af kolefni sem losað er út í andrúmsloftið á heimsvísu sé um það bil 60 evrur. Aðrar kannanir gefa til kynna miklu meiri kostnað. Mismunur áætlana fer eftir því hvaða efnahagslegt vægi einstökum þáttum er gefið, svo sem langtíma áhrif á loftslag, landbúnað, loftgæði, meindýr, vatnsból og sjúkdóma.

Hægt er að setja þennan kostnað í samhengi þegar litið er til þess að losun gróðurhúsalofttegunda í EU-25 eru á bilinu 5 til 25 tonn á mann eftir því um hvaða land ræðir (það jafngildir 300 til 1 500 evrum á mann í félagslegan kostnað). Áætlaður aukakostnaður af kolefnaryru hagkerfi árið 2030 er 45 evrur á mann: síðari kosturinn er mun ódýrari.

Við erum heilbrigðari en áhrif mengandi efna eru enn til staðar

Evrópa hefur tekið stórstígum framförum í takmörkun á margskonar loftmengun. Á mörgum svæðum hefur loftmengun verið útrýmt og súrt regn minnkað. Mikil samþjöppun fins svifryks og ósóns við yfirborð jarðar veldur enn heilsufarsvandamálum í mörgum borgum og nálægum svæðum. Ósón við yfirborð jarðar er líka skaðlegt heilbrigði vistkerfa og hefur áhrif á uppskeru í stórum hluta dreifbýlis í Evrópu.

Þrátt fyrir minni losun er samþjöppun mengandi efna mikil og oft yfir viðmiðunarmörkum. Áhrif þeirra er styttri lífaldur, ótímabær dauðsföll og víðtæk heilbrigðisvandamál. 30 % aukning í vöruflutningum og 20 % aukning í farþegaflutningum síðustu tíu árin hefur komið í veg fyrir að tækniumbætur hafi skilað tilætluðum árangri við skerðingu á útblæstri.

200 milljón vinnudagar tapast á ári í Evrópu vegna veikinda tengdum loftmengun. Efnahags- og framfarastofnunin OECD áætla að 6,4 % dauða og veikinda ungra barna í Evrópu séu af völdum mengunar. Þessi tala er óeðlilega mikið hærri í nýjum aðildaríkjum Evrópusambandsins. Könnun frá því í september 2005 sýnir að mikið af þeim þáttum sem hafa áhrif á heilsufar fólks og vistkerfi verða áfram til staðar þó núverandi reglugerðir taki fullt gildi.

Umbætur í samgöngutækni, frá tvíbrennisbílum til vetnisbíla, eiga sinn þátt í að minnka þessi neikvæðu áhrif samgangna. Árangur næðist einnig ef skipulagning þéttbýliskjarna miðaði að auknum almenningssamgöngum í stað einkabifreiða.

Evrópubúar er í snertingu við sífellt fleiri mengandi efni, bæði í matvælum og nútíma neysluvörum, þ.á.m. húsgögnum, fötum og heimilisvörum. Tengsl milli kemískra efna og aukningar á krabbameini í æxlunarfærum (eistna-, blöðruhálskirtils- og brjóstakrabbamein) ásamt hvítblæði í börnum eru í auknum mæli að koma í ljós. Þó beinar sannanir vanti

gefur sú staðreynd að kemísk efni finnast ávallt í blóðsýnum fólks og í umhverfinu ástæðu til að vera á varðbergi. Minni notkun hættulegra efna í landbúnaði og skert magn efnisleifa í neysluvörum myndi draga úr hættunni sem stafar frá þessum efnum.

Mengunarvarnir borga sig

Víðtækar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hreinsa fráveituvatn og minnka vatnsmengun frá iðnaði. Samt sem áður eigum við enn langt í land áður en tilskipanir um meðferð fráveituvatns koma að fullu til framkvæmdar. Fram að þessu eru framfarir tilkomnar vegna stórra fjárfestinga og tækniþróunar.

Allt bendir til þess að enn frekari skerðing á mengun vegna fráveituvatns muni nást, einkum í EU-10 löndunum sem verða styrkt af þróunar- og samstöðusjóðum frá 2007. Reynsla síðastliðin tuttugu ár sýnir að fjárfesting í fráveitum ásamt raunhæfum efnahagslegum ávinningi til að minnka mengun við upptök hennar eru arðbærustu aðferðirnar til að minnka hana.

Evrópusambandið hefur reynt að minnka mengun frá landbúnaði með ýmsum tilskipunum, svo sem um nítatmengun. Fjárfestingar vatnsiðnaðarins munu áfram tryggja gæði drykkjarvatns. Lífrænn og ólífrænn áburður ásamt skordýraeitri halda áfram að skolest út í ár og grunnvatn í Evrópu. Þó að búist sé við að notkun slíkra kemískra efna minnki í EU-15 löndunum er búist við að notkun ólífræns áburðar aukist um 35 % fyrir 2020 í EU-10 vegna aukins landbúnaðar.

Gæði grunnvatns í Evrópu verður áfram vandamál á mörgum svæðum þar sem það getur tekið mengunarefni áratugi að skolest úr jarðvegi út í ár, stöðuvötn og vatnsból. Fyrirbyggjandi aðgerðir sem fela í sér breyttar aðferðir í landbúnaði eru hagkvæmari en hreinsun, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið.

Náttúrulegum auðlindum eytt

Ástand fiskistofna heimsins sýnir hættuna á ofnýtingu náttúruauðlinda og röskun á jafnvægi vistkerfa. Fiskur er síðasta lykil fæðu uppsprettan sem enn er villt. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu Þjóðanna



(FAO) áætlað að 75 % fiskistofna heimsins séu ofveiddir og að helstu ránfiskum svo sem túnfiski og hákarli fari fækkandi.

Þar sem of mikið hefur verið gengið á fiskistofna Evrópu hefur fiskveiðiflotinn fært sig á fjarlægari mið, studdur af tvíhliða samningum og niðurgreiðslum. Þessir fiskveiðiflotar hafa raskað jafnvægi fæðukeðjunnar með því að veiða mikið magn tegunda sem eru efst í fæðukeðjunni. Þetta hefur sett margar efnahagslega mikilvægar tegundir í hættu ásamt því á ögna vistkerfinu.

Á landi mun 18 % lands í Evrópu flokkast sem verndarsvæði í tengslum við áætlunina Náttúra 2000. Þetta mun hjálpa til við að viðhalda heilbrigði og fjölbreytileika evrópskra vistkerfa. Samt sem áður tekur landslag Evrópu víðtækum og ef til vill óafturkræfum breytingum. Þessar breytingar hafa bæði áhrif á tegundir og vistkerfi.

Mesta eyðing búsvæða og vistkerfa í álfunni á tíunda áratug síðustu aldar var á lyngheiðum, runnum, freðmýrum, mýrum og fenjum. Mikið af votlendi hefur tapast vegna strandbyggðar, uppistöðulóna til fjalla og virkjunar fljóta. Þó að skóglendi þeki stærri hluta af Evrópu en áður eru margir skógar gjörnýttir í dag. Eyðing þessara búsvæða og vistkerfa hefur mikil áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika í álfunni.

Þessi eyðing hefur einnig áhrif á einstakar tegundir. Þrátt fyrir markmið umhverfisverndarstefnu Evrópu til að viðhalda mikilvægum búsvæðum villtra dýra eru margar tegundir enn í útrýmingarhættu. Þar með talin 42 % evrópskra spendýra, 15 % fugla, 45 % fiðrilda, 30 % froskdýra, 45 % skriðdýra og 52 % ferskvatnsfiska.

Evrópskur jarðvegur er sérlega fjölbreyttur, með meira en 300 jarðvegsgerðir. Hægt er að endurheimta jarðveg með náttúrulegum aðferðum en það getur tekið allt að fimmtíu ár að endurheimta fáeina sentimetra af nýjum jarðvegi. Líta ætti á jarðveg sem óendurnýjanlega auðlind. Jarðvegseyðing stafar af margvíslegum ástæðum t.d. veðrun, þéttingu, mengun og seltu. Hingað til hefur reynst erfitt að eiga við þessi vandamál og er búist við að þau verði áfram áskorun

samhliða áætlaðri þróun í byggðastefnu, landbúnaði og iðnvæðingu/samdrætti í iðnaði.

Eftirspurn eftir vatni eykst um alla álfuna, einkum til heimilisnota. Búist er við að vatnsnotkun heimila í nýju aðildarríkjunum aukist um 70 % á næsta áratug. Meira vatn er einnig notað í áveitur í landbúnaði, einkum í suður Evrópu þar sem nú þegar hefur orðið vart við vatnsskort. Búist er við að loftslagsbreytingar auki þetta vandamál. Aðgangur að nægum, áreiðanlegum og hreinum vatnsbólum verður mikilvægari vegna áætlana um landnýtingu í framtíðinni, einkum við Miðjarðarhafið.

Á síðasta áratug hefur Evrópa unnið að því að skera á tengslin á milli hagvaxtar og aukinnar efna- og orkunotkunar. Heildar notkun auðlinda hefur samt sem áður haldist stöðug. Það er mikill mismunur milli Evrópusambandsríkja hvað varðar efnanotkun, allt frá um 11 kg á evru af vergri landsframleiðslu til minna en 1 kg á evru. Þennan mismun má að hluta til skýra með því efnahagslega jafnvægi sem myndast milli iðnaðar og þjónustu. Samt sem áður er auðlinda og orkuframleiðni í vestur Evrópu að meðaltali fjórum sinnum meiri en í nýju aðildarríkjunum. Þetta skapar mikilvæg tækifæri til að ná enn frekara jafnvægi í framleiðni með nýtingu auðlinda milli EU-15 og EU-10 fyrir tilstilli miðlunar á tækniþekkingu ásamt öðrum ráðstöfunum.

Sambætting, nýjungar og markaðsumbætur

Síðastliðin þrjátíu ár hefur árangurrik umhverfisstefna Evrópusambandsins að mestu einblínt á skirt afmörkuð vandamál. Einkum hefur verið brugðist við þessum vandamálum með reglugerðum og tækninýjungum. Nú þarf að þróa og hrinda í framkvæmd langtíma stefnumótun fyrir þá hluta hagkerfisins sem eru uppspretta mengunar sem einskorðast ekki við afmarkaða uppsprettu. Marktækar framfarir taka líklega marga áratugi samstilltrar, langtíma en þó sveigjanlegrar stefnumótunar sem nýtur víðtæks stuðnings almennings. Þetta þýðir að almenn upplýsingagjöf



og aðgerðir til að auka meðvitund verða sífellt mikilvægari í skilvirkri stefnumótun.

Skilvirk stefnumótun þarf einnig að hvetja til breytinga á hegðunarmynstri evrópskra neytenda ásamt því að beina samgöngu-, orku- og landbúnaðargeirum inn á umhverfisvænni brautir. Langtíma stofnanaumbætur og fjárhagsáætlanir þurfa að stuðla að skilvirkari og umhverfisvænni starfsháttum. Slíkar umbætur mætti styðja með því að nota markaðsstýringu. Til dæmis væri hægt að styðja þróun og notkun á umhverfisvænum nýjungum við framleiðslu, orkuflutning og landbúnað í stað óumhverfisvænna niðurgreiðslna. Þetta myndi auðvelda umskipti yfir í efnahagslega sjálfbæra starfsemi.

Mörg stefnumið Evrópusambandsins innihalda nú þegar markmið í umhverfismálum og er töluverðu fjármagni veitt til að hvetja til aðgerða og hegðunar sem er í samræmi við þau markmið, t.d. í sameiginlegri landbúnaðarstefnu sambandsins. Þrátt fyrir viðtækar breytingar af völdum landnýtingar gæti Evrópa samt sem áður hagnast á aukinni samvinnu starfsgreina, t.d. á milli skipulagningar á borgarsvæðum og samgöngum annars vegar og þróunar- og samstöðusjóða Evrópusambandsins hins vegar.

Flutningsgeirinn er gott dæmi um þann árangur sem hlýst af samþættri nálgun við lausn vandamála. Í þessum starfsgreina sjáum við óteljandi samhangandi áhrifavalda sem valda álagi á umhverfið. Annars vegar hefur þessi starfsgrein náð töluverðum árangri í að draga úr magni mengandi efna í útblæstri, t.d. ósón myndandi efni og sýringarefni. Hins vegar heldur losun gróðurhúsalofttegunda enn áfram að aukast þar sem eftirspurn eftir flutningum (vöru- og farþegaflutningum) er meiri en þær umbætur sem náðst hafa við að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum fyrir tilstilli tækniframfara og hertari reglugerða.

Í samræmi við þróun í þéttbýlismyndun hefur skipulag flutninga þrjúþætt áhrif á landsvæði. Hún eykur nýtingu á góðu landbúnaðarlandi, hraðar þéttingu jarðvegs og veldur skiptingu búsvæða í löndum Evrópusambandsins. Að auki veldur hún mikilli

hávaðamengun.

Aukin eftirspurn eftir flutningum á vegum og í lofti hefur valdið því að samgöngumál eru efst á baugi hvað varðar áætlanir um sjálfbæra þróun, allt frá ákvarðanatöku á vetvangi borgar- og sveitastjórna til alþjóðlegrar ákvarðanatöku. Þetta endurspeglar þau fjölbreyttu verkefni sem tilheyra samgöngumálum, allt frá staðbundnum (skipulagning og hönnun þéttbýlis) til alþjóðlegra (gróðurhúsalofttegundir og loftslagsbreytingar).

Langtíma samþættar aðgerðir hafa skilað talsverðum árangri. Skattlagning á eldsneyti sýnir árangur langtíma breytinga á efnahagshvötum fyrir tilstilli markaðsstýringar. Bandarísk og evrópsk tækni í gerð ökutækja er í grundvallaratriðum sú sama. Hins vegar þá hefur 50 % skattlagning á eldsneyti í Evrópu valdið breytingum á hegðun neytenda. Skattlagning hefur ásamt pólitískum þrýstingi til að nýta tækninýjungar gert nýja evrópska bíla helmingi sparneytnari á síðustu áratugum miðað við bandaríska bíla þar sem skattur á eldsneyti er mun lægri. Kannanir gefa til kynna að svipaðar aðgerðir í tengslum við orkuverð gætu leitt til töluverðs orkusparnaðar.

Það sem við getum gert

Skattaumbætur geta stuðlað að sjálfbærara og heilbrigðara umhverfi. Tilfærsla skattstofns stig af stigi frá skattlagningu 'góðra auðlinda', svo sem fjárfestingar og vinnuafis, til skattlagningar 'slæmra auðlinda' eins og mengunar og óskilvirkrar nýtingar, myndi einnig auðvelda að fella umhverfiskostnað inn í þjónustu- og vöruverð. Þetta myndi skapa réttari mynd af markaðsvirði vöru og þjónustu.

Þeir sem sjá um stefnumótun gætu einnig tryggt að umhverfisskattar séu ekki félagslega óréttlátir. Fátækari þjóðfélagsþegnar eyða yfirleitt meirihluta tekna sinna í grunnþarfir eins og mat, vatn og orku. Samkvæmt könnunum bitna skattar á rafmagn einkum á fátækum en skattar á flutninga bitna síður á þeim þar sem aðgangur þeirra að einkabílum er takmarkaður.

Mengunarskattar koma yfirleitt jafnt niður á þjóðfélagshópum.

Stefnumótun sem aflar meiri tekna af neyslu en minni af vinnuafli geta einnig búið til breiðari og vaxandi skattstofn sem svar við bæði minnkandi vinnuafli og að þegnarnir eru að eldast.

Sjötta aðgerðaáætlun Evrópusambandsins á sviði umhverfismála, aðgerðaáætlun um sjálfbæra þróun, ásamt samþættingarstefnu sambandsins ýta allar undir gerð langtíma áætlana.

Langtíma samfelld stefnumið geta ýtt undir endurskipulagningu efnahagshvata, markaðsverðs og skatta sem verður nauðsynlegt ef draga á úr auknum kostnaði við nýtingu auðlinda jarðarinnar. Ávinningur af skilvirkri umhverfisvænni stefnu gæti einnig bætt samkeppnishæfni evrópsks hagkerfis. Aukin framleiðni orku og auðlinda í Evrópu gæti einnig að hluta til vegið á móti betri samkeppnisstöðu landa í Asíu og Suður-Ameríku á öðrum sviðum.

Samt sem áður eru verulegar hindranir á árangursríkri og skilvirkri framkvæmd stefnumála á öllum stigum innan Evrópusambandsins. EEA kannanir gefa til kynna að skipulag stofnana geti verið jafn mikilvægt og útfærsla sjálfrar stefnunnar.

Stuðningur almennings við þann ávinning sem náðst hefur í umhverfismálum síðastliðna áratugi endurspeglast í niðurstöðum Evrópukönnunar 2005. Þar kemur fram að Evrópubúar eru reiðubúnir að leggja enn meira af mörkum. Skýrslan sýnir að ríkisstjórnir og almenningur þurfa að gera meira til að tryggja það að efnahagsþróun sé í samræmi við nýtingarþol jarðarinnar.

Evrópa er vel í stakk búin til að hafa forystu í þessu efni með því að skapa skilvirkara, hreinna, samkeppnishæfara og öruggara evrópskt samfélag. Jákvæð áhrif þess myndi hvetja til alþjóðlegra umbóta á sviði umhverfismála og og jöfnuðar, sem aftur myndi enn frekar tryggja lífsgæði í Evrópu.

